

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

1. árg. 1. tbl.

apríl 1996

BRÝNIÐ - málgagn okkar allra

Með þessu blaði hefur göngu sína málgagn Félags áhugamanna um tréskurð. Jafnframt er með útgáfunni náð einu af markmiðum félagsins, sem er útgáfa fréttablaðs.

Það þótti við hæfi að gefa málgagninu nafnið "BRÝNIÐ", og undirskrika með því tvíþættan tilgang þess: Að miðla upplýsingum er varða tréskurð og hagsmuni áhugafólks um tréskurð, jafnframt því að brýna liðsandann og hvetja félagi og stjórn til dáða. BRÝNIÐ nýtist félaginu á svipaðan hátt og verkfæri með sama nafni nýtist tréskeranum. Sé því beitt reglulega og af skynsemi og lagni gerir það verkið létt og auðsótt. Sé það ekki notað, dofna starfið og árangurinn verður lítill.

Hlutverk BRÝNISINS er fyrst og fremst að flytja fréttir og koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna um hvað er á dagskrá hjá félaginu og hvað um er að vera í þjóðlífinu sem tréskurðarfolk gæti haft áhuga á.

Stefnt er að því að BRÝNIÐ komi út 6 sinnum á ári, eða einu sinni á tveggja mánaða fresti að jafnaði. Gert er ráð fyrir að BRÝNIÐ verði fjórblöðungur, en fróm áform eru um að gefa einu sinni á ári út veglegri útgáfu BRÝNISINS með greinum og frásögnum.

Félagsmenn eru hvattir til að skrifa til blaðsins, senda upplýsingar um mál er varða tréskurð og tréskurðarfolk. Heimilisfang BRÝNISINS er Pósthólf 409, 202 Kópavogur.

Dagskrá félagsins:

5. maí
13. maí
15. júní
15. ágúst

Kynnisferð á Skóga
Námskeið í formteikningu hefst
Samsýning á vinnu félagsmanna
Skiladagur fyrir samkeppni um merki félagsins

Fjölmenni á stofnfundi Félags Áhugamanna um Tréskurð



Evert Kr. Evertsson, nýkjörinn formaður, ávarpar fundarmenn á stofnfundi.

Stofnfundur Félags áhugamanna um tréskurð var haldinn laugardaginn 2. mars á Scandic Hótel Loftleiðum í Reykjavík. Yfir 90

manns, karla og konur á öllum aldri, mættu á stofnfundinn. Í stjórn félagsins voru kosnir Evert Kr. Evertsson, formaður, Jón Adólf Steinólfsson, Stefán H. Erlingsson, Vilhjálmur Siggeirsson og Sveinbjörn Kristjánsson, meðstjórnendur.

Á fundinum flutti Hannes Flosason, myndskurðarmeistari, ávarp þar sem hann fjallaði um tréskurð á Íslandi á síðustu áratugum. Kom m.a. fram í máli Hannesar að tréskurður hefur lifað góðu lífi meðal alþýðu fólks, þrátt fyrir að ýmsir fræðimenn telji að tréskurður sem alþýðulist hafi lagst af um síðustu aldamót. Hannes hefur kennt tréskurð í yfir tvo áratugi og skipta nemendur hans nú hundruðum.

Undirbúningur að stofnun félagsins hefur staðið yfir í nokkra mánuði. Fjöldi stofnfélaga sýnir að áhugi fyrir tréskurði er mikill.

Nýir félagar!

Um 90 félagar gengu í félagið á stofnfundinum á Scandic Hótel. Síðan hefur félögum fjölgað mikið og er félagatala farin að nálgast 200. Stofnfélagar teljast allir sem skrá sig í félagið fyrir fyrsta aðalfund þess sem haldinn verður í september n.k. Þeir sem ekki hafa þegar skráð sig í félagið geta gert það með því að tilkynna sig skriflega til formanns félagsins, Everts Kr. Evertssonar, Pósthólf 409, 202 Kópavogur, eða á faxi 567-0185

Frá stjórn félagsins:

Gífurlegur áhugi fyrir tréskurði, sem m.a. hefur komið fram við stofnun þessa félags, hefur á margan hátt komið á óvart. Lítið hefur fari fyrir tréskurði í íslensku samfélagi síðustu áratugi. Má með réttu taka undir orð Hannesar Flosasonar, tréskurðarmeistara, á stofnfundi félagsins, þegar hann sagði að tréskurður hefði verið í lægð sem handverk, listið og atvinnugrein.

Áhugi fyrir stofnun félagsins ber þess vott að tréskurður er nú á uppleið. Munir félagsmanna og vönduð framleiðsla sýnir að þekking á handverkinu er vel varðveitt og að sérkenni íslensks tréskurðar lifa enn góðu lífi meðal þjóðarinnar. Stjórn félagsins mun leggja sitt að mörkum til að blása í kolin og kveikja eldmóð í brjósti tréskurðarfólks svo tréskurður verði á ný hafinn til vegs og virðingar sem handverk og listgrein.

Starfsemi félagsins er skipulögð með þetta í huga. Áhersla verður lögð á fræðslu og kynningu á verkum félagsmanna. Stjórn félagsins hvetur félagsmenn til að koma með frekari ábendingar um hvernig félagið eigi að starfa. Einungis með því móti getur félagið þjónað tilgangi sínum.

Samstarf við Iðnskólann í Reykjavík

Um miðjan mars fór stjórn félagsins á fund skólameistara Iðnskólans í Reykjavík, Ingvars Ásmundssonar, og kynnti fyrir honum stofnun félagsins og markmið þess. Tréskurður var kenndur sem námsgrein í Iðnaskólanum og kom í ljós að áhugi er í skólanum fyrir að koma náminu aftur af stað.

Auk formlegs tréskurðarnáms var rætt um möguleika fyrir félagsmenn að sækja námskeið á vegum skólans í viðarfræði og formteikningu.

Var erindi stjórnarinnar vel tekið af skólameistara og ljóst að félagið á góða að í Iðnskólanum.

Útskurðarhópar

Unnið er að því að skipuleggja hópstarf útskurðarfólks. Útskurður er oft einmanalegt áhugamál. Mörgum hefur því reynst hjálplegt að hitta annað útskurðarfólk reglulega til að skiptast á skoðunum og læra hver af öðrum. Er fólk hér með hvatt til að stofna klúbba og félög í hverfum og byggðarlögum þar sem það á heima.

Í Reykjavík eru tveir hópar í undirbúningi og geta þeir sem áhuga hafa skráð sig í þá. Miðbæjarhópurinn getur enn tekið við nokkrum félögum. Hann hittist á miðvikudagskvöldum kl. 20 í húsi Heimilisiðnaðarskólans á Laufávegi 2. Hafið samband við Halldór s. 551-4827.

Annar hópur ætlar að hittast á Laugavegi 100. Umsjónarmaður og tengiliður er Örn Sigurðsson, s. 553-8117.

Heimildarmynd um tréskurð

Áhugi er fyrir að hefja á vegum félagsins gerð heimildarmyndar um íslenskan tréskurð. Til að byrja með verður áhersla lögð á að gera vídeómynd um verklag og vinnubrögð elstu tréskeranna. Þeir sem hafa þekkingu á gerð vídeómynda og áhuga á að vera með eða leggja verkefninu lið eru beðnir að hafa samband við Halldór í síma 561-4827.


Námskeið í formfræði og mynsturgerð

Félaginu hefur borist tilboð frá Myndlistarskólanum í Reykjavík um námskeið í teikningu, formfræði og mynsturgerð. Námskeiðið er sérstaklega ætlað tréskurðarfólki og hentar bæði byrjendum og þeim sem hafa nokkra undirstöðu í teikningu. Námskeiðið verður haldið á tímabilinu frá 13. maí til 2. júní, samtals 30 tímar, tvisvar í viku, 5 kennslustundir í senn. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Myndlistarskólans, Tryggvagötu 15, mánudaga og miðvikudaga kl. 17:30-21:30. Kennari er Þóra Sigurðardóttir, myndlistarmaður. Námskeiðið gildir eina einingu í myndlistarnámi. Námskeiðsgjald, sem innifelur bæði kennslu og efni, er kr. 8600. Skráning fer fram í Mynlistarskólanum, s. 551-1990, en þar eru einnig veittar frekari upplýsingar um námskeiðið.

Þjóðminjasafnið sótt heim

Þjóðminjavörður, Þór Magnússon, tók á móti áhugafólki um tréskurð á Þjóðminjasafninu laugardaginn 9. mars.

Það var vel við hæfi að félagið hæfi starfsemi sína með því að skoða íslenskan tréskurð á Þjóðminja-safninu. Þar er án efa á einum stað saman kominn mestur



Kistill á þjóðminjasafninu skorinn af
Hjálmar Jónssyni í Bólu

fjöldi íslenskra tréskorinna muna. Flestir eru nytjamunir, en einnig er á safninu fjöldi muna úr kirkjum.

Þjóðminjavörður byrjaði á því að segja frá tréskurði á Íslandi almennt, rötum hans, þróun og sérstöðu. Þá leiddi hann félagsmenn um safnið og útskýrði einstaka muni, mikilvægi þeirra og sérkenni.

Eftir þessa fróðlegu heimsókn, sem um 50 félagar tóku þátt í, mátti öllum vera ljóst íslenskur tréskurður byggir á langri og merkilegri hefð.

Sýning félagsmanna

Hafinn er undirbúningur að sýningu á tréskurði félagsmanna, og mun hún fara fram helgin 15.-16. júní. Ekki hefur verið gengið endanlega frá sýningarstað ennþá.

Markmið sýningarinnar er að gefa yfirlit yfir það sem félagsmenn eru að vinna að og veita fólki möguleika á að kynnast og skiptast á skoðunum um tréskurð. Reiknað er með að hver félagsmaður sýni einn til þrjá gripi.

Þáttaka tilkynnist til einhvers eftirtalinna sýningarnefndarmanna fyrir 1. júní.

Jón Adolf 551-2517
Örn 553-8117
Bjarni Þór 568-6122
Halldór 562-6122

Samkeppni um merki félagsins

Stjórn félagsins hefur ákveðið að efna til samkeppni meðal félagsmanna um merki félagsins. Engar kvaðir eru um útlit merkisins eða gerð aðrar en þær að merkið skal vera hægt að nota á bréfhaus og á stimpil. Þá er einnig gerð sú krafa að merkið henti til útskurðar.

Félagar eru hvattir til að senda tillögur sínar til stjórnarformanns, Everks Kr. Evertssonar, Pósthólf 409, 202 Kópavogur. Skilafrestur er til 15. ágúst. Stjórn skipar dómnefnd hæfra manna sem meta mun tillögur og velja þrjár til verðlauna.

Nýtt merki verður síðan kynnt á aðalfundi félagsins í september n.k.

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

BRÝNIÐ - Fréttablað
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kópavogur
Ábyrgðarmaður:
Evert Kr. Evertsson
Ritstjóri:
Halldór Kr. Júlíusson

Lög

Félags áhugamanna um tréskurð

Samþykkt á stofnfundi 2. mars 1996

1. grein

Félagið heitir Félag áhugamanna um tréskurð. Heimili þess er í Kópavogi.

2. grein

Félagsmenn geta allir þeir orðið sem áhuga hafa á tréskurði og standa skil á árlegum félagsgjöldum.

3. grein

Tilgangur félagsins er að:

1. Efla og kynna tréskurð á Íslandi.
2. Stefna að því að koma upp ákjósanlegri aðstöðu fyrir félagsmenn.
3. Stuðla að útgáfu fréttabréfs og sýningum á verkum félagsmanna.
4. Stuðla að gagnkvæmum samskiptum við erlend tréskurðarfélög og klúbba.
5. Stuðla að því að fá innlenda og erlenda gestakennara til kennslu og námskeiðahalds.
6. Söfnun og miðlun fræðslu- og kennsluefnis, t.d. bóka og myndbanda.
7. Koma upp myndasafni af verkum félagsmanna og annarra, mynda af eldri og yngri verkum, svo og varðveislu á þeim verkum sem félagið kanna að eignast.
8. Skipuleggja fræðslu- og kynnisferðir til staða þar sem er að finna áhugaverðan tréskurð, innanlands sem utan.
9. Gæta hagsmuna einstakra félagsmanna, stuðla að sameiginlegri öflun aðfanga, markaðssetningu og virðingu á listmunum félagsmanna, ásamt því að kynna lög um höfundarrétt og hönnunarvernd.

4. grein

Árgjald skal ákveðið á aðalfundi og skal greiðast fyrir aðalfund ár hvert.

5. grein

Aðalfund skal halda á hverju ári fyrir lok september. Skal hann boðaður bréflega með minnst 14 daga fyrirvara og telst þá lögmætur. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

6. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. formaður skal kosinn sérstaklega, en aðra stjórnarmenn í einu



Fyrirtæki fagmannsins

EFNAGERÐ LAUGARNESS
Smíðjuvegi 28C · P.O. Box 409
202 Kópavogur
Sími 567 0150 · Fax 567 0185

EFNAGERÐ LAUGARNESS ehf
Úrvals tréskurðaráhöld og bækur

Frá ferða- og fræðslunefnd

Ferða og fræðslunefnd hefur skipulagt skoðunar- og kynnisferð á söfn á Suðurlandi undir leiðsögn Matthíasar Andréssonar sunnudaginn 5. maí n.k. Lagt verður af stað frá Umferðarmiðstöðinni kl. 12:30 og ekið rakleiðis að Skógum. Þórður Tómasson, safnvörður tekur þar á móti okkur og fræðir um safnið og útskorna muni sem þar er að finna. Á Selfossi verður safn Halldórs Einarssonar, tréskurðarmeistara, skoðað, en safnið hefur að geyma yfir 200 muni og er hluti af Listasafni Árnesinga. Halldór lærði skurðlist hjá Stefáni Eiríkssyni en starfaði lengst við útskurð húsgagna fyrir vestan haf. Lýður Pálsson, safnvörður, leiðbeinir um safnið. Áætlað er að koma til Reykjavíkur fyrir kvöldmat.

Ferðin kostar kr. 1600 og er þá innifalið fargjald, leiðsögn og aðgangseyrir að söfnum. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna í þessa ferð og tilkynna þátttöku til Vilhjálms fyrir 1. maí í síma 553-7768.

Þá er óskað eftir fleiri félagsmönnum sem áhuga hafa á að starfa að ferða- og fræðslumálum. Félagsmenn eru jafnframt hvattir til að koma á framfæri hugmyndum, óskum og ábendingum til ferða- og fræðslunefndar í þessu sambandi.

lagi, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Heimilt er stjórnarmönnum að taka endurkjöri. Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem honum þykir þörf á eða stjórnarmenn óska. Stjórn félagsins getur ekki skuldbundið félagsmenn fjárhagslega. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til sérstakra verkefna í nafni félagsins.

7. grein

Stjórn félagsins kveður til félagsfundar þegar hún telur þess þörf eða 1/3 hluti félagsmanna óskar þess skriflega. Lögmætir aðalfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður öllum ákvörðunum félagsins. Hver skuldlaus félagsmaður hefur eitt atvæði. Kjörgengi til stjórnar hafa eingöngu skuldlausir félagsmenn. Skuldlausum félagsmanni er heimilt að senda umboðsmann fyrir sig á fundi félagsins og skal það vera skriflegt.

8. grein

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Stjórn leggur fram reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Önnur mál.

9. grein

Í gerðabók félagsins skal skrá stutt yfirlit yfir það sem gerist á félagsfundum og stjórnarfundum. Fundargerðir skulu undirritaðar af formanni félagsins og fundarritara.

10. grein

Hætti félagið störfum skal almennur fundur félagsmanna, sem slítur félaginu, taka ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

Innritað til
póstflutnings

SIGURJÓN GUNNARSSON
ESPIGERÐI 2

108 REYKJAVÍK

BRÝNIÐ - Fréttablað Félags
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kópavogur